

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Tilkynning til lesenda

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2014, 51/2014, 55/2014 og 57/2014 voru afturkallaðar áður en þær voru samþykktar og því eru eyður í númeraröðinni.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 33/2014

033-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/76/ESB frá 4. febrúar 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 41b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0076:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/76/ESB frá 4. febrúar 2013 (Stjttíð. ESB L 35, 6.2.2013, bls. 6).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í viðaukann:

„SKRÁ YFIR EFTA-RÍKI SEM ER HEIMILT AÐ ENDURSKOÐA ÁRLEGAR VÖKTUNAR-ÁÆTLANIR SÍNAR VEGNA KÚARIÐU

– Noregur““““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/76/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 35, 6.2.2013, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.